LÁNAMÁL RÍKISINS
Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. september 2015

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2015

- *Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir allt að 12 ma.kr. að söluvirði*[1].
- *Áformað er að gefa út í flokkunum RIKB 17 0206, RIKB 20 0205 og RIKB 25 0612.*

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2015 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 55 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 9 mánuðum ársins er samtals 43,5 ma.kr. að söluvirði, þar af er sala í almennum útboðum 43,1 ma.kr. og 0,4 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands.

Á þriðja ársfjórðungi var stefnt að því að selja ríkisbréf í markflokkum fyrir 5-15 ma.kr. að söluvirði. Seld voru ríkisbréf fyrir 14,3 ma.kr., og var sú sala öll í formi almennra útboða. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á þriðja ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr.	
Skuldabréfaflokkur	Hámark	Raun
RIKB 17 0206	7	3,5
RIKB 20 0205	7	5,8
RIKB 25 0612	5	5,0
Samtals:		14,3

[1] Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) þ.e. verð án áfallinna vaxta.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa.

Ákveðið hefur verið að bjóða mögulega út 2ja, 5 og 10 ára markflokka í ársfjórðungnum. Ákvörðun um hvaða flokkar verða boðnir út í hvert sinn verður tilkynnt a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð. Jafnframt er möguleiki á því að útboð verða felld niður og ræðst það af markaðsaðstæðum á hverjum tíma.

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð allt að 12 ma.kr. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fjórða ársfjórðungi 2015

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 17 0206	8
RIKB 20 0205	8
RIKB 25 0612	5

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvíxla

Ríkisvíxlaútgáfa verður með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Samkvæmt ársáætlun er stefnt að því að staða ríkisvíxla verði um 30 ma.kr að nafnverði í árslok 2015 en staða þeirra er nú 29,0 ma.kr. Hins vegar geta orðið sveiflur í stöðunni innan ársins.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvíxla verða birtar nokkrum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.